

Námskeið: Öryggismenning á vinnustað

Um hvað er námskeiðið?

Miklar framfarir hafa náðst síðustu áratugi í “Efnislegu og tæknilegu öryggi” á vinnustöðum t.d. við hönnun vinnustaða, véla og tækja. Til þess að ná lengra í öryggismálum og fækka vinnuslysum enn frekar þarf að beita nýjum aðferðum. Það þarf að skoða sálræna og félaglega þætti í samspili við vinnuskipulag og vinnuumhverfi. Á þessu námskeiði er gerð grein fyrir því hvernig hægt er að innleiða öryggismenningu á vinnustað, þ.e. breyta hugsun og hegðun starfsmanna og stjórnenda.

Fyrir hverja?

Námskeiðið er hugsað fyrir “lengra komna” í vinnuverndarmálum, t.d. öryggistrúnaðarmenn og öryggisverði, verkstjóra og stjórnendur. Gert er ráð fyrir því að nemendur þekki hlutverk öryggistrúnaðarmanna og öryggisvarða og kunni góð skil á áhættumati.

Ávinningur

Þátttakendur kynnst nýrri hugmyndafræði sem hjálpar til við að fækka vinnuslysum.

Hvernig?

Námskeiðið byggist upp á fyrirlestri og hópverkefnum. Efnið er byggt á sænskri aðferðafræði sem kallast "Byggt á öryggi" en gefin var út bæklingur hjá Vinnueftirlitinu 2009 með sama heiti og finna má hann á heimasíðunni:

http://www.vinnueftirlit.is/vinnueftirlit/upload/files/fraedsluefni/baeklingar/byggt_a_oryggi_net.pdf

Fyrirhuguð námskeið 2012:

Reykjavík 6. mars kl. 13 -16

Reykjavík 15. maí kl. 13 -16

Keflavík 18. apríl kl. 9-12

Skráning á námskeið er á heimasíðunni, valinn takkinn “Námskeið” ofarlega til vinstri á forsíðunni og síðan smellt á “Skráning á námskeið” lengst til hægri í annarri línu síðunnar sem þá birtist. Einnig er hægt að skrá sig með því að senda tölvupóst á netfangið: vala@ver.is eða í síma Vinnueftirlitsins, 550 4600.